

FUNDARGERÐ

Árið 2016, mánudaginn 31. október kl. 09:30 var ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á símafundi.

Á símafundinum voru: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Bjarni Jónsson og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Tinnu Dahl Christiansen og Elínu Gunnarsdóttur, sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi voru: nefndarmennirnir Birgir Björn Sigurjónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og starfsmaður Jöfnunarsjóðs, Bergur Sigurjónsson.

Gengið var til dagskrár.

1. Útgjaldajöfnunarframlög

Á fundi nefndarinnar þann 21. október 2016 náðist ekki að ljúka afgreiðslu áætlunar um B-hluta útgjaldajöfnunarframlagsins vegna skólaaksturs fyrir fjárhagsárið 2017.

Í gögnum sem send voru nefndarmönnum í tölvupósti dags. 30. október 2016 fyrir símafundinn koma fram forsendur sem liggja til grundvallar áætluðu útreiknuðu útgjaldajöfnunarframlagi fjárhagsárið 2017 vegna B-hluta framlaganna sem er skólaakstur úr dreifbýli. Lagt er til að áætluð úthlutun Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga árið 2017 vegna B-hluta framlagsins nemi samtals 575 m.kr.

Nefndin samþykkti áætlaða úthlutun B-hluta útgjaldajöfnunarframlaganna fyrir fjárhagsárið 2017 samtals að fjárhæð 575 m.kr., sbr. 13. gr. rgl. nr. 960/2010.

2. Önnur mál

Ákveðið var að fundurinn þann 11. nóvember 2016 skyldi haldinn kl. 14:00.

Fundi var slitið kl. 09:45.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Bjarni Jónsson

Valdimar O. Hermannsson